



## 415. Stjórnarfundur haldinn 3. sept. 2013 kl:18:15

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Guðjón Axelsson (GA), Sveinn Adólfsson (SA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS). Fjarverandi Birgir Ingibergsson (BI).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá ÍSÍ v/ samnings við Flugfélag Íslands á afsláttarfargjöldum.

Bréf frá UMFÍ v/ boðunar á 48. Sambandsþing UMFÍ.

Bréf frá Öryggismiðstöðinni v/skoðunarskýrslu á brunaviðvörunarkerfi og öryggiskerfi Hringbraut 108 ein athugasemd gerð. Vantar yfirlitsmynd.

Tölvupóstur frá knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild þar sem þær heimila að sett verði upp eitt skilti í sal íþróttahússins við Sunnubraut og eitt á grasvöllinn við Hringbraut.

### 3. Send bréf.

Sent bréf á stjórnir knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildar v/ heimildar á að setja upp skilti í sal íþróttahússins við Sunnubraut og grasvöllinn við Hringbraut v/ljósa í sal 1 og 2 í félagsheimili Keflavíkur.

### 4. Landsmót UMFÍ.

Landsmót UMFÍ á Selfossi 4. – 7. júlí. Keflavík átti fimmtíu og fimm keppendur á mótinu. Varð landsmótsmeistari í körfu kvenna og bridge. Hafnaði í sjötta sæti í heildina. Farastjóri var Guðmundur Sigurðsson. Aðalstjórn þakkar landsmótsnefndinni og farastjóra fyrir þeirra framlag.

### 5. Unglingalandsmót UMFÍ.

Unglingalandsmót UMFÍ 2. – 4. ágúst á Höfn í Hornafirði. Keflavík átti fimmtíu keppendur. Farastjóri var Guðjón Axelsson og tjaldbúðastjóri Ólafur Ásmundsson. Aðalstjórn þakkar unglíngalandsmótsnefndinni, farastjóra og tjaldbúðarstjóra fyrir þeirra framlag.

### 6. Þing UMFÍ.

Þing UMFÍ hefur verið boðað 12. – 13. október 2013 í Stykkishólmi. Keflavík á tíu þingfulltrúa.

### 7. Önnur mál.

EH undirritaði samstarfssamning við Kaupfélag Suðurnesja 27. ágúst 2013 um fjölgun á félagsmönnum í Kaupfélagi Suðurnesja.

Þráðlaust net er komið á efri hæð íþróttahússins við Sunnubraut.

EH óskaði eftir heimild til að kaupa kort af körfunni. *Framkvæmdastjóra falið að kaupa kortin.*

Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir hefur látið af formensku taekwondódeildar og Mikael Þór Halldórsson tekið við. Aðalstjórn þakkar Guðlaugu Emmu fyrir hennar framlag til íþróttarinnar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:20

Fundinn ritaði SG

